



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um viðmið um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara í grunnskólum Reykjavíkur

Lagt er til að skóla- og frístundasvið komi upp viðmiði um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara í grunnskólum Reykjavíkur. Bera verði að fylgja slíku viðmiði eftir í starfi grunnskóla. Stutt verði við rannsóknir sem sýni fram á hvert æskilegt hlutfall sé með tilliti til sem bestar kennslu og starfsskilyrða kennara og nemenda. Jafnframt verði málið unnið í nánú samráði við kennara og óskað eftir þeirra umsögnum og athugasemdum. Tekið verði mark á þeim niðurstöðum þegar kemur að því setja hið nýja viðmið.

Greinargerð:

Eins og staðan er núna eru engin viðmið í grunnskólum um hámarksfjölda nemenda á hvern kennara. Í leikskólum eru slík viðmið uppi enda er mikilvægt að tryggja gæði kennslunnar með þeim hætti og þannig er líka hlúð betur að börnum og kennurum. Það bitnar á öllum ef áreiti og læti hafa slæm áhrif á starf grunnskóla. Gæði kennslunnar minnka óhjákvæmilega því erfitt er að sinna öllum nemendum ef þeir eru of margir. Börn þreytast meira vegna áreitis og það hefur svo keðjuverkandi áhrif á foreldra. Auðveldara er fyrir kennara að sinna hverjum og einum nemanda ef viðmið um hámarksfjölda nemenda eru sett upp sem tryggja bætta kennslu. Ef nemendur eru of margir fer mikill hluti tímans í að halda stofunni rólegri og minni tengsl myndast milli kennara og nemanda, sem svo hefur áhrif á kennslu. Mikilvægt er að kennari geta myndað þessi tengsl til að þekkja styrkleika hvers og eins nemanda. Lögð er mikil áhersla á að málið sé unnið í nánú samráði við kennara því þeir eru sérfræðingar þegar kemur að kennslunni sjálfri.